

14. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þegar Póstur og sími hf. tekur til starfa veitir samgönguráðherra félaginu rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara og skal það rekstrarleyfi gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga eða reka almennt fjarskiptanet.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG**um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætist nýr staflíður, er verður g-liður, svohljóðandi: Að veita styrk til kaupa á næringarefnum og sérþæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamstarfsemi.

2. gr.

3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja skv. a-, b- og g-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérþæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.